

Nd.

29. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
Ráðuneytið skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna leigu- eða söluskilmá-
ana og samþykki sitt eða neitun.
2. Við 5. gr. Aftan við greinina komi ný grein, er verður 6. gr.
Greina skal í milli, hvort málmgrafarleyfið nái til fyrirtækja, sem vinni
við færri eða fleiri en 30 menn. Ef málmgrafarleyfið nær til vinnu fleiri en
30 manna, skal einungis heimilt að veita það með lögum.